

Föstudaginn 16. nóvember 1951.

Nr. 39/1951. **Ákærvaldið** (Einar Ásmundsson)

gegn

**Guðvarði Vilmundarsyni**

(Sigurður Ólason).

Landhelgisbrot.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Torfi Jóhannsson, bæjarfógeti í Vestmannaeyjum, hefur kveðið upp héraðsdóminn.

Friðrik Ólafsson, skólastjóri Stýrimannaskólans, hefur eftir uppsögu hins áfrýjaða dóms markað á sjóupprátt staði varðskipsins samkvæmt mælingum varðskipsforingjanna, sem lýst er í forsendum dómsins, svo og miðunarlínur varðskipsins til togbáts ákærða. Er með mælingum þessum og miðunum leitt í ljós, að togbáturinn var innan landhelgislínu, er athuganir varðskipsmanna voru framkvæmdar. Var togbáturinn 1,2 sjómíllur innan landhelgislínunnar, er varðskipið kom að honum, en frá kl. 8,35 til 9,44 umræddan dag hafði báturinn samkvæmt skýrslu skipherra varðskipsins aldrei verið minna en 1 sjómílu inni á landhelgissvæðinu. Samkvæmt þessu og að öðru leyti með skírskotun til forsendna héraðsdómsins er sannað, að ákærði hafi verið að veiðum í landhelgi og því brotið gegn lagaákvæðum þeim, sem í héraðsdómi greinir. Þykir refsing ákærða með hliðsjón af gullgengi krónunnar, sem ekki hefur breytt frá uppsögu héraðsdóms, hæfilega ákveðin 10000 króna sekt til Landhelgissjóðs Íslands, og komi varðhald 2 mánuði í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um upptöku afla og veiðarfæra og um málskostnað ber að staðfesta.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflytningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 600.00 til hvors.

## Dómsorð:

Ákærði, Guðvarður Vilmundarson, greiði 10000 króna sekt til Landhelgissjóðs Íslands, og komi varðhald 2 mánuði í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um upptöku afla og veiðarfæra og um málskostnað staðfestast.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar á meðal laun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Einars Ásmundssonar og Sigurðar Ólasonar, kr. 600.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

## Dómur aukaréttar Vestmannaeyja 10. marz 1951.

Mál þetta, sem var dómtekið í gær, er af ákærvaldinu höfðað gegn Guðvarði Vilmundarsyni, skipstjóra á m/s Helga Helgasyni, V.E. 343, til heimilis að Hásteinsveg 49, f. í Grindavík 29. marz 1913, fyrir meint brot gegn lögum nr. 5 frá 18. maí 1920, sbr. lög nr. 4 11. apríl 1924, sbr. og lög nr. 5 frá 2. janúar s.l., um breytingu á lögum nr. 5/1920, til refsingar, upptöku afla og veiðarfæra og greiðslu sakarkostnaðar.

Ákærði, sem kominn er yfir lögaldur sakamanna, hefur, svo kunnugt sé, ekki sætt öðrum refsingum en hér segir:

1949 14/3 Sátt, kr. 250.00 fyrir brot á gjaldeyrislögum.

Málsatvik í máli þessu eru samkvæmt skýrslu skipherrans á varðskipinu Ægi, framburði ákærða og skýrslum vitna, sem leidd hafa verið, svo sem hér segir:

Að morgni dags þann 8. marz var varðskipið Ægi á eftirlitsferð austur með landi. Kl. 08.35 var komið auga á skip, er talið var víst, að statt væri á landhelgissvæði milli Péturseyjar og Dyrhólaeyjar, og virtist það halda skáhallt að landi. Veður var gott. ASA 2., sjór 2., heiðskirt. Kl. 08.39 var gerð eftirfarandi staðarákvörðun á varðskipinu, og var hún framkvæmd af fyrsta stýrimanni, Magnúsi Björnssyni.

Drangshlíðarhorn

> 75° 00'

Pétursey

> 34° 20'

Portlandshorn (suður)

> 07° 19'

Skip

Kl. 08.49 sneri skipið í stjórnborð og út um í hring og stanzaði.

Skömmu seinna sást af varðskipinu híft (svo) net, sem talið var vera fiskipokinn, yfir borðstokk skipsins.

Kl. 09.01 var á ný gerð staðarákvörðun, og var hún framkvæmd af skipherranum á Ægi, Eiríki Kristóferssyni, og fyrsta stýrimanni, svofellid:

Drangshlíðarhorn	> 56° 30'
Pétursey	> 71° 12'
Portlandshorn (suður)	> 05° 00'

#### Skip

Virtist skipið þá vera á að gizka í 2½ sjómílu fjarlægð.

Sneri það þá og setti á fulla ferð til austurs. Varðskipið setti þá upp stöðvunarkerki og blés með flautunni. Kl. 09.34 var skotið púðurskoti og aftur kl. 09.37 og 09.39 og jafnframt gefið merki með flautunni. Kl. 09.40 var rennt fram með skipinu og kallað til þess að nema staðar, og var það gert.

Reyndist skipið vera m/s Helgi Helgason, V.E. 343, skipstjóri Guðvarður Vilmundarson, ákærði í máli þessu. Var þá settur út léttabátur á Ægi, er þegar hafði verið látinn utanborðs til flýtisauka, og fóru þeir fyrsti og þriðji stýrimaður af Ægi ásamt hásetum út í m/s Helga Helgason, er lá þar fast við. Við athugun sást, að dálítið var af fiski á þilfari, og sást lífsmark með tveimur fiskum. Hlerar voru votir á pörtum og hleraskór glansandi. Skipstjórinn á Helga Helgasyni, Guðvarður Vilmundarson, fór með skipverjum af Ægi út í varðskipið. Var þá gerð eftirfarandi staðarákvörðun, og var hún framkvæmd af fyrsta og þriðja stýrimanni.

Pétursey (austur) ≠ Portlandshorn (syðra) > til Höttu 65° 54'.

Staðarákvörðun þessi var gerð, strax eftir að komið var frá m/s Helga Helgasyni. Höfðu þá bæði skipin legið kyrr, frá því að staðar var numið kl. 09.40.

Ákærða var nú skýrt frá því, að skip hans hefði verið inni á landhelgis-svæðinu, frá því það sást fyrst, þar til er það var stöðvað, og neitaði hann því ekki, en kvaðst ekki hafa togað innan landhelgislinunnar.

Sóttir voru fjórir menn af m/s Helga Helgasyni út í varðskipið, og gáfu þeir varðskipsforingjanum skriflegar skýrslur, svo sem nánar segir, er kemur að vitnaframburði þeirra.

Var skipið síðan tekið inn til Vestmannaeyja.

Skipherrann á varðskipinu hefur hér í réttinum lagt fram sjókort, þar sem staðir þeir, sem varðskipið var statt á, þegar staðarákvarðanirnar voru gerðar, eru settir og sömuleiðis stefna sú, er m/s Helgi Helgason var í, þegar staðarákvarðanirnar I og II voru gerðar.

Ákærði hefur fyrir réttinum ekki mótmælt staðarákvörðunum varðskipsins né því, að hann hafi verið innan landhelginnar, þegar staðarákvarðanirnar voru gerðar. Hins vegar hefur hann mótmælt því að hafa verið að veiðum innan landhelgislinunnar. Kveðst hann hafa kastað botnvörpunni milli kl. 06.00 og 06.30, og hafi lausleg staðarákvörðun hans

verið: „Jökultungan austarlega á Pétursey“ og dýpi 42 faðmar. Kveðst hann hafa togað á þessu dýpi í austurátt og látið draga inn vörpuna um kl. 08.00. Hafi dýpið þá verið um 46 faðmar og Hatta hafi borið nokkurn veginn í Portlandsvitann. Kveður hann skipið síðan hafa legið ferðlaust í 15 til 20 mínútur og hafi það síðan lónað í NA til A dálitla stund og haldið síðan til SA með fullri ferð, og telur ákærði, að klukkan hafi þá verið langt gengin í níu. Hann kveður hlerana hafa verið tekna inn, strax eftir að varpan var tekin inn, eða nokkru áður en skipið fór að lóna inn fyrir. Ekki kveðst ákærði hafa heyrt nema eitt aðvörunarskot varðskipsins.

Eins og áður er skýrt frá, voru 4 af skipverjum m/s Helga Helgasonar kallaðir yfir í varðskipið. Hafa þeir verið leiddir sem vitni í málinu. Skal nú rakinn framburður þeirra.

*Vitnið Gunnar Halldórsson*, stýrimaður á Helga Helgasyni, gaf vottorð um það (rskj. nr. 3), að varpan hafi verið undin upp kringum kl. 08.30 til 09.00 og hlerarnir teknir inn ca. 15 mínútum síðar. Strax eftir að varpan var undin upp, hafi skipið siglt austur með landi, en ekki látið reka. Vitnið hefur hér í réttinum haldið fast við framburð sinn og staðfest hann með eiði.

*Vitnið Magnús Jónsson*, er var I. vélstjóri á m/s Helga Helgasyni, vottar það (rskj. 4), að varpan hafi verið tekin inn um kl. 09.00, og hafi þá verið sett á ferð strax og hafi ferðin eftir það verið 180 til 230 snúningar á mínútu.

Fyrir réttinum skýrði vitnið svo frá nánar, að það hafi komið á vörð kl. 08.00, hafi það litið fyrst inn í vélarrúmið og síðan farið inn í matsalinn að drekka kaffi. Hafi farið inn í vélarrúmið aftur kl. 08.20 og hafi þá litið á klukku í matsalnum. Hafi báturinn þá verið enn að toga. Ræður vitnið þetta af gangi vélarinnar, en það fór ekki út á þilfarið. Vitnið telur, að góð stund hafi liðið frá því, að það kom aftur inn í vélarrúmið, þar til það heyrði spilið sett í gang, og miði vitnið af því, að byrjað væri að draga upp vörpuna. Telur það, að lokið hafi verið við að draga upp vörpuna kl. 09.00, og hafi spilið þá verið stöðvað og vélin sett á ferð, fyrst gengið um 180 snúninga á mínútu dálitla stund og stuttu síðar með 230 snúningum á mínútu. Þetta vitni vildi ekki staðfesta framburð sinn með eiði, þó það lýsti því yfir, að hann væri sannur og réttur, og það lýsti sig fúst til að vinna að honum drengskaparheit, en með því að vitnið lýsti því yfir, að það tryði á guð og væri í löggiltu trúarfélagi, þótti ekki rétt að láta það vinna drengskaparheit að framburði sínum, með því að það neitaði að vinna eið að honum.

*Vitnið Ástþór Guðnason*, háseti á m/s Helga Helgasyni, gaf vottorð um það (rskj. 5), að varpan hafi verið tekin inn um kl. 09.00, eða ca. 1 klst. eftir, að það kom á vörð kl. 08.00. Eftir að varpan var tekin inn, kveður vitnið, að skipið hafi siglt, en ekki látið reka. Hefur vitnið staðfest þetta vottorð, en tekið fram, að verið geti, að skipið hafi ekki verð sett á ferð alveg strax, eftir að varpan var innbyrt, og enn fremur tekið fram, að það telji skipstjóra hafa betri aðstöðu til að segja um, hvenær varpan

var tekin inn en vitnið sjálft. Hefur vitni þetta unnið eið að framburði sínum.

*Vitnið Gunnlaugur Sigurðsson*, háseti á m/s Helga Helgasyni, vottar (rskj. nr. 6), að varpan hafi verið undin upp milli kl. 08.00 og kl. 09.00. Hafi þá strax verið lagt af stað og ekki numið staðar fyrr en Ægir stöðvaði bátinn.

Vitnið hefur staðfest þetta vottorð hér fyrir réttinum. Telur vitnið sig hafa komið á vörð kl. 08.00, og hafi liðið nokkur stund, þar til byrjað var að draga upp vörpuna. Síðan hefur vitnið þó tekið fram, að hugsanlegt sé, að báturinn hafi verið kyrr stuttan tíma, áður en hann setti á ferð. Þennan framburð sinn hefur vitnið staðfest með eiði.

*Vitnið Jóhann Jónsson*, háseti á m/s Helga Helgasyni, hefur fyrir réttinum talið, að varpan hafi verið tekin inn um kl. 08.00 til 09.00 og strax hafi verið keyrt austur eftir. Síðar hefur það þó tekið fram, að mögulegt sé, að fáeinar mínútur hafi liðið frá því, að varpan var tekin inn, þar til skipið var komið á ferð. Vitnið hefur staðfest framburðinn með eiði.

Af varðskipinu Ægi hafa verið leiddir sem vitni fyrsti stýrimaður, þriðji stýrimaður og einn háseti.

*Vitnið Magnús Björnsson*, fyrsti stýrimaður á Ægi, hefur staðfest skýrslu skipherrans að öðru leyti en því, að hann kveðst ekki hafa séð, er talið var, að botnvörpupokinn hafi verið tekinn inn fyrir. Hafi hann verið inni í kortakelfa að setja mælingar út í kort, er skipherrann hafi kallað til hans að sjá vörpuna hífða inn fyrir, en hann hafi komið of seint út til að sjá það. Hins vegar sá vitnið hlerana utanborðs, þegar þetta var. Hefur hann staðfest framburð sinn með eiði.

*Vitnið Hjörleifur Ólafsson*, þriðji stýrimaður á Ægi, kom ekki upp fyrr en um kl. 09.30. Hefur hann staðfest skýrslu skipherra eftir þann tíma, þar á meðal þriðju staðarákvörðun og ásigkomulag um borð í m/s Helga Helgasyni, er komið var þangað.

Hefur vitnið staðfest framburð sinn með eiði.

*Vitnið Kristinn Arnason*, háseti á Ægi, hefur borið hér fyrir réttinum, að rétt fyrir kl. 9 hafi hann séð eitthvað hift innbyrðis á Helga Helgasyni, og taldi hann það vera botnvörpupoka. Var þetta rétt fyrir kl. 9, og er vitnið visst í sinni sök, að því er tímann snertir, því kl. 9 hafi verið hringt bjöllu og það tekið við stýrinu. Rétt í sama mund kveðst vitnið hafa séð í kiki hlerana utanborðs á m/s Helga Helgasyni. Þetta vitni hefur einnig staðfest framburð sinn með eiði.

Ákærði hefur haldið fast við framburð sinn, að hann hafi ekki togað innan landhelgislinunnar, að botnvarpan hafi verið tekin upp um kl. 08.00 og að skipið hafi lónað nokkurn tíma, eftir að varpan var tekin inn. Þessi framburður hans getur eigi staðizt gegn framburði hinna eiðfestu vitna. Að vísu kveða skipverjar á m/s Helga Helgasyni ekki nákvæmlega á um, hvenær varpan hafi verið dregin upp, en að það hafi verið kl. 08.00 til 09.00, eða 08.30 til 09.00. Benda þó allir framburðir þeirra til þess, að það hafi verið stuttu fyrir kl. 09.00. Vitnið Magnús Jónsson, sem að vísu fékkst ekki til þess að staðfesta framburð sinn með eiði, taldi góða stund líða

frá því, að hann kom niður í vélarrúm kl. 08.20, þar til vindan var sett í gang, og vitnið Gunnar Halldórsson stýrimaður telur, að það taki alltaf hálfan tíma að hifa inn vörpuna. Staðfesta skýrslur vitnanna af m/s Helga Helgasyni að miklu leyti skýrslu skipherrans á Ægi og hinn eðfesta framburð skipsmannanna á Ægi. Þykir því rétt að leggja skýrslu skipherrans á Ægi og framburð varðskipsmanna til grundvallar.

Af skýrslu skipherrans, sem staðfest er af fyrsta stýrimanni, um hreyfingar m/s Helga Helgasonar, rétt eftir kl. 08.49 má ráða, að varpan hafi verið tekin innbyrðis þá, og hafi skipið þá verið langt innan landhelgislínunnar samkvæmt staðarákvörðun varðskipsins II, enda hafi það verið innan landhelgislínunnar allan tímann, frá því að varðskipið gerði staðarákvörðun I.

Verður því að telja sannað, að ákærði hafi verið að togveiðum innan landhelgislínunnar í umrætt skipti, og hefur hann þar með gerzt brotlegur við 1. gr. laga nr. 5 frá 1920 um bann gegn botnvörpuveiðum í landhelgi.

Gullgengi íslenzkrar krónu er nú 100 gullkrónur 738,95 seðlakrónur, og m/s Helgi Helgason 178,11 rúmlestir að stærð. Samkvæmt 3. gr. fyrrgreindra laga, sbr. lög nr. 5 29. jan. 1951 og lög nr. 4 11. apríl 1924, þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin kr. 7500.00 í Landhelgissjóð Íslands, og komi í stað sektarinnar 2 mánaða varðhald, sé hún ekki greidd innan fjöggra vikna frá lögbirtingu dóms þessa. Þá skulu og öll veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, svo og allur aflur innanborðs í m/s Helga Helgasyni, V.E. 343, upptækur og andvirðið renna í Landhelgissjóð Íslands.

Loks greiði ákærði allan sakarkostnað áfallinn og áfallandi.

#### Því dæmist rétt vera:

Ákærði, Guðvarður Vilmundarson, greiði kr. 7500.00 sekt í Landhelgissjóð Íslands, og komi 2 mánaða varðhald í stað sektarinnar, sé hún ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Afli og veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir um borð í m/s Helga Helgasyni, V.E. 343, er gert upptækt og renni andvirðið í Landhelgissjóð Íslands.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.